



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 4. október, 2012

Ákvörðun nr. 22/2012

Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Höfðatorgi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með samrunaskrá sem móttækin var 30. janúar 2012 tilkynnti Íslandsbanki hf. (hér eftir Íslandsbanki eða bankinn) um yfirtöku bankans á Höfðatorgi ehf. (hér eftir Höfðatorg). Samrunaaðilar litu svo á sem samruninn félli undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 7. gr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, sbr. reglur nr. 854/2008 og 901/2011, sbr. einnig 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Var þess vegna um að ræða styttri tilkynningu þar sem þeir markaðir sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir. Þann 20. febrúar 2012 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Íslandsbanka þar sem tilkynnt var að samrunaskráin væri ekki fullnægjandi og hefði því ekki réttaráhrif og gert var grein fyrir þeim upplýsingum sem eftirlitið taldi vanta. Bárust þær upplýsingar 8. mars 2012. Með bréfi, dags. 13. apríl 2012, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna og fundað með samrunaaðilum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Íslandsbanka hafa leitt til þess að félagið hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessa máls eru sett skilyrði en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem



þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki sem nýtur leyfis Fjármálaeftirlitsins til að reka viðskiptabankastarfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er staðsett í Reykjavík og sinnir hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi, þar á meðal móttöku innlána og veitingu útlána. Þá veitir bankinn fjárfestingabankaþjónustu, miðlar verðbréfum og veitir einstaklingum fjárfestingarráðgjöf. Á heimasíðu Íslandsbanka kemur fram að bankinn reki útibú um allt land, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum. Hluthafar Íslandsbanka eru íslenska ríkið og skilanevnd Glitnis banka hf., sem á 95% hlutafjár bankans í gegnum dótturfélög sín.

Höfðatorg er fasteignafélag og er starfsemi félagsins eingöngu á Íslandi. Fram kemur í samrunaskránni að meginstarfsemi Höfðatorgs felist í útleigu fasteigna og að félagið sé eigandi að svokölluðum Höfðatorgsreit sem afmarkist af Skúlatúni, Borgartúni, Höfðatúni og Skúlagötu. Þá kemur fram að á reitnum hafi nú þegar risið tvær fasteignir, Borgartún 8-16 og Höfðatún 2 og að samkvæmt skipulagi reitsins standi til að reisa fjórar fasteignir til viðbótar þar. Á reitnum eru einnig eldri fasteignir í eigu félagsins sem eru til útleigu. Höfðatorg á einnig eftirfarandi fasteignir: Borgartún 1, Borgartún 3 og Skúlatún 2. Félagið er aðili að 63 leigusamningum, auk samninga um byggingu og útleigu kvikmyndahúss og hótels á reitnum.

Samkvæmt samrunaskrá er samruninn til kominn vegna nauðasamnings Höfðatorgs við lánadrottna sína og er markmið samrunans að hámarka endurheimtir kröfuhafa félagsins ásamt því að tryggja rekstrarhæfi félagsins til lengri tíma. Aðdragandi samruna þessa er sá að árið 2008 hækkuðu lán Höfðatorgs mikið og á sama tíma breyttust aðstæður á fasteignamarkaði til hins verra. Var þá ljóst að forsendur félagsins voru mjög breyttar, félagið var allt of skuldsett og gat ekki starfað í óbreyttri mynd. Íslandsbanki hefur undanfarin tvö ár, sem langstærsti kröfuhafi félagsins, unnið með félaginu að því að hámarka verðmæti kröfuhafa. Í byrjun nóvember 2011 óskaði Höfðatorg formlega eftir nauðasamningi hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og var sá samningur samþykktur í lok nóvembermánaðar. Í kjölfarið skráði Íslandsbanki sig fyrir 72,5% hlut í Höfðatorgi en aðrir kröfuhafar fyrir 27,5% hlut í félaginu.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum á umliðnum misserum, nú síðast í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012, *Endurreisn fyrirtækja 2012*. Þá ber að líta til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hafði þessi úrskurður mikla þýðingu við úrlausn mála sem varða eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Var úrskurðurinn á þá leið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2009, *Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.*, var ógilt og var lagt fyrir stofnunina að setja samruna Teymis og Vestia skilyrði til að koma í veg fyrir þau samkeppnislegu vandamál sem nefndin taldi



stafa af samrunanum við þær sérstöku aðstæður sem uppi væru í íslensku atvinnulífi. Var það gert með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2010 sem birt var 31. mars 2010. Í úrskurði áfrýjunarnefndar kom fram að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir röskun á samkeppni vegna eignarhalds banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði með því að setja samruna af þessum toga skilyrði. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hættu á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánadrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánadrottnum sínum og eigenda“.

Ljóst er að framangreindur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála veitti Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að fylgja eftir þeim sjónarmiðum sem eftirlitið hefur birt í álitum sínum og skýrslum.

1. Markaðir sem máli skipta og samkeppnisleg áhrif samrunans

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Íslandsbanki, Arion banka hf. og Landsbankanum hf. eru stærstu fyrirtækin sem starfa á viðskiptabankamarkaði. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennist hf.*, að þáverandi Glitnir banki, Kaupþing banki og Landsbanki Íslands væru í sameiginlega markaðsráðandi stöðu. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2010, *Yfirtaka Byrs sparisjóðs á Byr hf.*, kom m.a. fram að upplýsingar bentu til þess að hin sameiginlega markaðsráðandi staða stóru viðskiptabankanna væri enn fyrir hendi. Í ákvörðun nr. 33/2011, *Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf.* kom ennfremur fram að sterkar vísbendingar væru um að þessi sameiginlega markaðsráðandi staða bankanna þriggja væri enn fyrir hendi, og að yfirtaka Íslandsbanka á Byr væri til þess fallin að styrkja þá stöðu og auka samþjöppun og skaðlega fákeppni á íslenskum bankamarkaði.

Í samrunaskrá kemur fram að Höfðatorg starfi á markaði fyrir útleigu á skrifstofu-, verslunar- og veitingahúsnæði í Reykjavík. Samrunaaðilar telja að áhrifa samrunans gæti einkum á markaði fyrir útleigu á skrifstofu-, verslunar- og veitingahúsnæði í póstnúmeri 105 í Reykjavík. Þá kemur fram í samrunaskrá að stór hluti af fasteignum Höfðatorgs séu í útleigu. Á þeim markaði sem Höfðatorg starfar á er þónokkur fjöldi annarra fasteignafélaga, bæði stór fasteignafélög og fjöldi smærri fasteignafélaga.



Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkeppniseftirlitið hefur tekið nokkrar ákvarðanir sem varða yfirtöku viðskiptabanka á fasteignafélögum. Má þar m.a. nefna ákvörðun nr. 19/2010, *Yfirtaka Regins ehf. á Fasteignafélagi Íslands*, ákvörðun nr. 21/2010, *Yfirtaka Arion banka hf. á Þyrpingu*, ákvörðun nr. 22/2010, *Yfirtaka Íslandsbanka á Eik properties ehf.* og ákvörðun nr. 18/2011, *Yfirtaka Regins ehf. á Laugahúsi ehf.* Öllum þessum málum lauk með því að samrunanum voru sett skilyrði í sátt við aðila.

Samkeppniseftirlitið telur að samruninn leiði hvorki til þess að verulegar breytingar verði á uppbyggingu umrædds markaðar né að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Hins vegar er það mat Samkeppniseftirlitsins að þau tengsl sem myndast hafa á milli fasteignafélaga auk sterkrar stöðu Íslandsbanka á viðskiptabankamarkaði leiði til þess að samruninn hafi það í för með sér að samkeppni sé raskað.

2. Íhlutun

Að framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga vegna samrunans. Íslandsbanki hefur lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar í málinu. Sáttin felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

Segja má að þessi samkeppnislegu vandamál felist í grundvallaratriðum í eftirfarandi atriðum í þessu máli:

- Hættu á að eignarhald banka á atvinnufyrirtækinu sem um ræðir verði viðvarandi.
- Eignatengslum sem myndast á milli m.a. keppinauta undir yferráðum Íslandsbanka og dótturfélaga hans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptaum við Íslandsbanka berist til þeirra félaga sem Íslandsbanki hefur yferráð yfir.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yferráðum Íslandsbanka beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum Íslandsbanka og útiloki keppinauta þar með frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að Íslandsbanki fjármagni viðvarandi taprekstur yfirtekens fyrirtækis og að stjórnendur þess hafi ekki sömu hvata og áður til þess að reka fyrirtækið skynsamlega.
- Hættu á að Íslandsbanki mismuni í viðskiptum sínum eða fjárfestingum þannig að félög undir yferráðum bankans njóti betri viðskiptakjara en ætla mætti að óskyldur



aðili myndi njóta. Þar sem fjármagnskostnaður er stór kostnaðarliður fasteignafélaga getur slíkt haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir keppinauta.

- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Íslandsbanka berist til keppinauta viðkomandi fyrirtækja.

Til þess að vinna gegn þessum samkeppnishömlum er í fyrsta lagi lögð sú skylda á Íslandsbanka að selja Höfðatorg svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan tilskilins tíma. Eðlilegt er að eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum séu settar þröngar skorður hvað tímalengd varðar til þess að takmarka þá hættu á samkeppnisröskun sem almennt felst í yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum. Andspænis þessum augljósu hagsmunum verður einnig að meta hagsmuni bankans af því að hafa eðlilegt svigrúm til þess að viðhalda eða auka verðmæti þeirra eigna sem um ræðir.

Þá telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að fasteignarekstur Íslandsbanka verði ekki langvarandi vegna þeirrar mögulegu samkeppnisröskunar á fasteignamarkaði sem í honum getur falist. Er í skilyrðunum áskilið að gerð sé áætlun um sölu Höfðatorgs og henni síðan fylgt eftir.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að trúnaður ríki um frest til sölu. Slíkir tímafrestrir, ef opinberir væru, geta augljóslega raskað sölufærli og haft óeðlileg áhrif á ákvörðunartöku kaupenda. Fresturinn getur þannig orðið til þess að draga úr sölumöguleikum á sölutímabilinu og lækkað söluverð viðkomandi eignar. Af því gæti leitt að bankinn geti ekki fengið sannvirði fyrir eignina sem aftur hefur neikvæð áhrif á efnahagslegan styrkleika hans. Efnahagslegur styrkur er hins vegar forsenda þess að bankar geti sinnt því mikilvæga hlutverki að útvega atvinnulífina lánsfé og aðra þjónustu. Þar af leiðandi er trúnaður um frest til sölu eigna nauðsynlegur til þess að skilyrðið leiði ekki til þess að dregið verði úr þrótti efnahagslífsins og samkeppni takmörkuð.

Skilyrðin gera einnig ráð fyrir að Íslandsbanki geri eðlilega arðsemiskröfu til Höfðatorgs og að bankinn og félög tengd honum geri formlega samninga um allar lánveitingar til félagsins.

Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta haft áhrif til þess að atvinnufyrirtæki sem tekin eru yfir eða önnur félög sem vega þungt í útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma en að sama skapi væri samkeppni veruleg hættu búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem væru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Ef viðkomandi fyrirtæki eru öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokast frá mikilvægum viðskiptum. Til langs tíma er hag yfirteknu fyrirtækjanna jafnframt best borgið með því að þau starfi með sem eðlilegustum hætti og leitist í sífellu við að gera eins hagstæða samninga og þeim er unnt. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilyrðin komi eins og hægt er í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma með því að takmarkað aðkomu starfsmanna Íslandsbanka að rekstri Höfðatorgs eins og kostur er.



Íslenskur bankamarkaður er verulega samþjappaður þar sem þrjár viðskiptabankar hafa yfirgnæfandi markaðshlutdeild. Stærð bankanna veldur því að þeir búa yfir umtalsverðu magni trúnaðarupplýsinga. Í vissum tilvikum búa einstakir bankar yfir trúnaðarupplýsingum um keppinauta þeirra atvinnufyrirtækja sem þeir taka yfir. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til hinna yfirteknu fyrirtækja. Jafnframt er lagt bann við því að viðkvæmar upplýsingar berist frá yfirteknum fyrirtækjum til keppinauta eða viðskiptavina þeirra sem kunna einnig að vera í eigu eða í viðskiptum við sama banka.

Þá er gert ráð fyrir því að Íslandsbanki upplýsi opinberlega um tiltekna þætti í starfsemi Höfðatorgs. Er jafnframt gert ráð fyrir virku innra eftirliti af hálfu Landsbankans og reglulegri upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins. Þannig ber bankanum að tryggja að óháður aðili innan bankans geti með trúverðugum hætti fylgst með framkvæmd skilyrðanna og gefið Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt. Ber að líta svo á að þetta eftirlit sé viðbót við hið almenna eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari að ákvörðunum skv. samkeppnislögum.

IV. Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Höfðatorgi ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Sem setningu skilyrðanna er ekki þörf á ógildingunni samrunans:

1.

Söluskylda og sölumáti

1.1

Frestur til sölu

Íslandsbanki skal selja eignarhlut sinn í Höfðatorgi eins fljótt og verða má og eigi síðar en [...]¹.

Samkeppniseftirlitið getur framlengt sölufrest skv. 1. mgr. sæki Íslandsbanki um það. Í umsókn um framlengingu sölufrest skal rökstutt hvaða atvik hindra sölu. Ef umsóknin byggist á því mati bankans að erfiðar markaðsaðstæður eða sérstakar aðstæður í rekstri eða rekstrarumhverfi Höfðatorgs hamli sölu innan frests skv. 1. mgr. skal með henni fylgja álit frá óháðum kunnáttumanni þar sem framangreint mat bankans er staðfest.

Eftirlitsaðili bankans sbr. 4. gr. skal fylgjast með sölufrelinu og skal söluáætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2012.

¹ Fellt út vegna trúnaðar



1.2

Söllumáti

Íslandsbanki skal selja eignarhlut sinn í Höfðatorgi í fyrirfram skilgreindu og gagnsæju ferli. Einnig er Íslandsbanka heimilt að færa eignarhlut sinn í Höfðatorgi í eignarhaldsfélag í eigu Íslandsbanka. Eignarhaldsfélagið getur bankinn í framhaldinu selt eða sameinað öðru stærra fasteignafélagi.

2.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

2.1

Almennt

Markmið ákvörðunar þessarar er að tryggja að viðskiptatengsl Íslandsbanka við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Höfðatorg skaði ekki samkeppni á meðan félagið er undir beinum yfirráðum Íslandsbanka. Skal bankinn í því skyni tryggja sjálfstæði Höfðatorgs á samkeppnismarkaði, sbr. nánari ákvæði þessarar greinar.

2.2

Eignarhaldi Höfðatorgs skal falið sérstöku eignarhaldsfélagi

Ef eignarhlut bankans í Höfðatorgi verður komið fyrir í eignarhaldsfélagi í eigu bankans (hér eftir Eignarhaldsfélagið) skal Eignarhaldsfélagið lúta eftirfarandi reglum að lágmarki:

- a) Stjórnarmönnum í Eignarhaldsfélaginu og starfsmönnum þess er óheimilt að grípa til nokkurra ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði Höfðatorgs eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem Höfðatorg starfar á.
- b) Stjórn og starfsmönnum Íslandsbanka og Eignarhaldsfélagsins er óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna Höfðatorgs sem miða að eða geta haft þau skaðlegu áhrif sem tilgreind eru í a-lið.
- c) Skilgreina skal þjónustu stoðeilda bankans við Eignarhaldsfélagið og skal tryggja að sú þjónusta falli að öðrum ákvæðum þessarar greinar.

2.3

Arðsemismarkmið

Aðkoma Íslandsbanka að starfsemi Höfðatorgs skal alfarið byggjast á viðskiptalegum forsendum. Það skal tryggt með þeim hætti að Íslandsbanki setji sér eigendastefnu gagnvart Höfðatorgi sem feli m.a. annars í sér eftirfarandi:



- a) Íslandsbanki skal gera eðlilega arðsemiskröfu til Höfðatorgs og koma henni á framfæri við stjórn Höfðatorgs. Eðlileg arðsemiskrafa þarf að vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé viðkomandi fyrirtækis og skal í því sambandi byggja á viðurkenndum fjármálafræðilegum aðferðum.
- b) Íslandsbanki og tengd félög skulu gera formlega samninga um allar lánveitingar til Höfðatorgs, þ.m.t. til kaupa á rekstrarvörum og fastafjármunum. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla sem snýr að fjármögnun Íslandsbanka og tengdra félaga til Höfðatorgs, sem veitt eru eftir dagsetningu sáttar þessarar, skulu vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

2.4

Stjórn Höfðatorgs

Stjórnarmenn í Höfðatorgi skulu vera óháðir Eignarhaldsfélaginu og Íslandsbanka. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldum þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.

2.5

Tryggja skal sjálfstæði Höfðatorgs gagnvart banka

Rekstur Höfðatorgs skal vera að fullu aðskilinn frá öðrum rekstri bankans og eignarhaldsfélags í eigu Íslandsbanka, ef slíku eignarhaldsfélagi verður falinn eignarhlutur í Höfðatorgi f.h. Íslandsbanka.

Íslandsbanki skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að starfsmenn bankans sem halda utan um hlut bankans í Höfðatorgi eða bera ábyrgð á honum starfi jafnframt ekki á þeim sviðum bankans sem koma að ákvörðunum um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Höfðatorgs.

Tryggja skal að aðrir starfsmenn bankans á fyrirtækjasviði en þeir sem eru viðskiptastjórar/lánastjórar Höfðatorgs hafi ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum um Höfðatorg.



2.6

Tryggja skal sjálfstæði á milli Höfðatorgs og tengdra fyrirtækja
Tryggja skal fullt sjálfstæði milli annars vegar Höfðatorgs og hins vegar keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Höfðatorgs sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu Íslandsbanka (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki).

Íslandsbanki skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

2.7

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Höfðatorgs og tengdra fyrirtækja
Ef um er að ræða viðskipti á milli Höfðatorgs og tengdra fyrirtækja skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Höfðatorgs vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu bankans. Skal bankinn ekki hlutast til um viðskipti á milli Höfðatorgs og tengdra fyrirtækja. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Höfðatorg beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að beita sér fyrir því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Höfðatorg.

2.8

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti á milli Höfðatorgs og annarra viðskiptavina bankans

Íslandsbanka og Eignarhaldsfélaginu er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli Höfðatorgs og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Höfðatorgs eða að Höfðatorg beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

2.9

Bankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Höfðatorgs og viðskiptavina bankans

Íslandsbanki skal gæta jafnræðis og trúnaðar á milli Höfðatorgs og annarra viðskiptavina bankans.

Íslandsbanki skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini Höfðatorgs berist ekki til Höfðatorgs.

Íslandsbanki skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um Höfðatorg berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.



2.10

Yfirlýsing

Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Íslandsbanka, viðskipta- og lánastjóri Höfðatorgs, starfsmenn Íslandsbanka sem halda utan um hlut bankans í Höfðatorgi eða bera ábyrgð á honum, stjórnarmenn Höfðatorgs og stjórnarmenn og starfsmenn eignarhaldfélagsins (fari eignarhluturinn þangað) skulu undirrita yfirlýsingu þar sem hlutaðeigandi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og að hann heiti því að virða þau að ölu leyti.

3.

Upplýsingagjöf

3.1

Opinber upplýsingagjöf um framkvæmd á skilyrðum

Íslandsbanki skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar sem útskýra framkvæmd bankans á sátt þessari.

3.2

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Höfðatorgs

Eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Höfðatorgs skulu vera aðgengilegar opinberlega á heimasíðu Íslandsbanka eða Eignarhaldsfélagsins (á meðan félagið er undir yfirráðum Íslandsbanka):

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Höfðatorgs ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum helstu stjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum þegar þær eiga sér stað.
- c) Ársreikningur og hálfársuppgjör sem skal að lágmarki innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymisyfirlit og eiginfjáryfirlit fyrir viðkomandi tímabil ásamt útreikningi á hreinum hagnaði á hlut fyrir árið/tímabilið. Skulu birtir reikningar félagsins vera útbúnir í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og framsetning þeirra vera nægilega ítarleg til þess að gefa glögga mynd af rekstrinum. Jafnframt skal gera grein fyrir áritun endurskoðanda sé reikningur félagsins endurskoðaður.

4.

Eftirlit innan bankans og Eignarhaldsfélagsins

Stjórn Íslandsbanka skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða sáttar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum sáttarinnar.



Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal ábyrgðaraðili samkeppnismála f.h. stjórnarinnar upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 15. október nk. um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að sátt þessari af hálfu bankans og Höfðatorgs. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Að sérstaklega sé kannað hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri Höfðatorgs.
- c) Að fylgst sé með því að stjórnarmenn Höfðatorgs, eftir því sem við á, uppfylli skilyrði ákvörðunar þessarar.
- d) Að fylgst sé með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði og Höfðatorg starfar á séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- e) Að fylgst sé með því að viðskipti Höfðatorgs við Íslandsbanka og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- f) Að fylgst sé með því hvort verulegar breytingar verði í rekstri Höfðatorgs, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok október og aprílmánaðar á meðan Íslandsbanki á eignarhlut í Höfðatorgi. Skýrslan skal að lágmarki geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

5.

Önnur ákvæði

Þau skilyrði sem fram koma í sátt þessari falla niður þegar Íslandsbanki hefur misst yfirráð yfir Höfðatorgi.

6.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirætlum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson